



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

---

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 19. október 2022 var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vinnu stýrihóps um hljóðvistarstefnu, sbr. 43. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 7. september 2022.

### Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vinnu stýrihóps um hljóðvistarstefnu:

Flokkur fólksins vill gjarnan vita meira um vinnu stýrihóps um ljósvistarstefnu Reykjavíkurborgar en tillaga hópsins er lögð fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 24. ágúst 2022. Eitthvað virðist hafa farið litið fyrir honum, hversu oft var fundar o.s.frv. Spurt er hversu oft var fundað í þessum stýrihóp og hvenær var síðasti fundur haldinn?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu stjórnsýslu og gæða.

### **Svar við fyrirspurn**

Fundir vegna ljósvistarstefnu sjö:

fimmtudagur, 26. september 2019 13:30-14:30 (UTC+00:00) Monrovia, Reykjavík.  
miðvikudagur, 27. nóvember 2019 15:00-16:00 (UTC+00:00) Monrovia, Reykjavík.  
fimmtudagur, 13. febrúar 2020 14:00-15:00 (UTC+00:00) Monrovia, Reykjavík.  
miðvikudagur, 26. febrúar 2020 15:00-16:00 (UTC+00:00) Monrovia, Reykjavík.  
miðvikudagur, 10. febrúar 2021 15:00-16:00 (UTC+00:00) Monrovia, Reykjavík.  
miðvikudagur, 24. febrúar 2021 14:00-15:00 (UTC+00:00) Monrovia, Reykjavík.  
fimmtudagur, 13. janúar 2022 11:00-12:00 (UTC+00:00) Monrovia, Reykjavík.

Fyrir fyrsta fund var búið að afhenda „Ljósvistarstefna\_drög\_08.03.19.doc“ sem var lokaskjal þverfaglegs starfshóps um ljósvistarstefnu.

Til viðbótar var afhent skjal með þeim atriðum sem sérstaklega var talið að fara þyrfti yfir, sjá hér að neðan.

Virðingarfyllt,  
Ársæll Jóhannsson  
*Umhverfis- og skipulagssvið*



# Ljósvisistarstefna Reykjavíkurborgar

## 1. Leiðarljós

Atriði á blaðsíðu 18:

- **Að lýsing fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur sé að minnsta kosti jafnmikil eða meiri en á aðliggjandi samsíða vegum.**
- **Að lýsingin leggi áherslu á þau svæði þar sem gangandi og/eða hjólandi vegfarendur ferðast um eða dvelja á.**
- **Að nota skuli leiðbeiningar Reykjavíkurborgar um lýsingu gangbrauta og gönguþverana og leiðbeiningar Hverfisskipulagsins um ljósvist í grónum hverfum.**
- **Að notast sé við Evrópustaðlaröðina ÍST EN 13201 sem lágmarks kröfur til lýsingar í Reykjavík.**
- **Að beitt sé miðnæturdimmingu þar sem það á við og í samráði við umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar..**
- **Að allir nýjir lampar séu LED og með stöðugt ljósstreymi (CLO)**

## 2. Almennar reglur

Atriði á blaðsíðu 19:

- **Jafnleikinn skal vera að minnsta kosti  $U_{omin} 0,4$  á götum og stígum. Ef ekki er hægt að uppfylla þessar kröfur í P flokkuðum götum þá skal tvöfalda lágmarkskröfur P flokksins.**
- **Hvatt er til þess að skapa áhugaverða upplifun á völdum svæðum í þágu staðarandans. Slíkar uppákomur geta verið háðar ákveðnum tímum árs eins og til að mynda bleikum október o.s.frv.**
- **Notast skal við andlitsgreiningu ef eftirlitsmyndavélar (CCTV) eru á svæðinu. Hönnuðir skulu meta það hverju sinni hvort andlitsgreining sé nauðsynleg á öðrum svæðum eftir aðstæðum og öryggistilfinningu vegfarenda.**
- **Að litarhitastig sé eftirfarandi (sjá nánar í töflu 2.1):**
  - Stofnbrautir: 4.000K
  - Tengibrautir, borgar-, aðal- og safngötur: 3.000K
  - Íbúðargötur, göngu- og hjólastígar: 2.700K
  - Valin opin og sérstök svæði: Valfrjálst
- **Velja skal höggheldni lampu eftir aðstæðum og/eða staðsetja ljósgjafann þannig að vegfarendur nái ekki til hans. Höggheldni allra lampu sem vegfarendur ná til og eru lægri eða í minni hæð en 3m skal vera IK8 nema að annað sé tekið fram.**
- **Lýsingarbúnaður skal vera valinn í samræmi við byggingarstíl og staðaranda svæðisins.**
- **Ef útlit lampu er tilgreint í hverfisgreiningum sem finna má hér skal fara eftir því.**
- Nú þegar hefur tveimur svæðum í borginni verið úthlutað ákveðið útlit lampu eða ákveðna tegund, þ.e Miðbæjarlampinn sem staðsettur er í Miðborg Reykjavíkur (sjá kort) og



Vesturbæjarlampinn sem settur hefur verið upp í hverfi 1-1 eða eldri hluta Vesturbæjar, á svæðinu í kringum tjörnina og í Grjótaþorpi. Einnig eru uppi hugmyndir um að hann verði settur upp í Þingholtunum, Bráðræðisholtinu í hverfi 1-2 (nýrri hluta Vesturbæjar) og á ákveðnu svæði í litla Skerjafirðinum.

### 3. Stýringar

Miðnæturdimming: á bls 20 er tafla sem sýnir hvaða stýringar eiga við hvar:

- Stofnbrautir: ON/OFF
- Tengibrautir: Miðnæturdimming
- Borgar-, aðal- og safngötur í miðborg Rvk: On/Off
- Borgar- og aðalgötur á öðrum svæðum: Miðnæturdimming
- Íbúðargötur í miðborg Rvk: On/Off
- Götur á mið- og þjónustusvæðum: Miðnæturdimming
- Safn- og íbúðargötur á íbúðarsvæðum: Miðnæturdimming
- Stígar í miðborg Rvk: On/Off
- Stígar á mið- og þjónustusvæðum: Miðnæturdimming
- Stígar á íbúðarsvæðum: Miðnæturdimming
- Stígar fjarri annarri umhverfislýsingu: Hreyfiskynjarar

Fram kemur í ljósvistarstefnunni að krafa sé gerð um miðnæturdimmingu á ákveðnum götum og stígum frá kl 00:00 – 06.00 en að valfrjálst sé hvernig dimmingunni skal háttað.

### 4. Lýsingarflokkun gatna

- Í vinnslu eru kort fyrir hvern borgarhluta sem sýnir lýsingarflokkun gatna. Á bls 21 (kafla 2.3) er farið yfir lýsingarflokkunina og útskýrt hvernig götur sem eru með 40 km/klst hámarkshraða og hærri flokkaðar eftir M-flokk en götur sem eru með lægri en 40 km/klst hámarkshraða flokkaðar í P-flokk.

Almenna reglan er þó sú að:

- Fáfarnar íbúðargötur eins og botnlangar og fleira séu í P3
- Safngötur og aðrar fjölfarnari íbúðargötur séu í P2
- Götur, göngu- og hjólastígar innan M og S flokkaðra svæða samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur séu í P1
- Göngu- og hjólastígar innan íbúðarhverfa og í hverfisgördum séu í P3
- Göngu- og hólástígar fjarri annarri umhverfislýsingu séu í P6

*(Ath. Lögð er áherslu á að gönguleiðir barna í skóla og svæði í kringum dvalarheimili aldraðra fái einum hærri lýsingarflokk en almennt gerist til dæmis með því að hönnuðir myndu kortleggja svæðin annaðhvort út frá radius frá dvalarheimilum og skólum eða gönguleiðum eða nota tiltækar upplýsingar um gönguleiðir barna til og frá skóla á höfuðborgarsvæðinu.*



## 5. Leiðbeiningar

Á bls 32 byrjar kafli 2.4 sem heitir „Leiðbeiningar“ þar er borginni skipt niður í ákveðin svæði og kennileiti. Kafllarnir eru eftirfarandi:

- Íbúðarbyggð
- Mið-, verlsunar- og samfélagsþjónustusvæði
- Miðborg Reykjavíkur
- Athafna- og iðnaðarsvæði
- Opin svæði innan þéttbýlis
- Götur og stígar
- Undirgöng
- Göngubrýr
- Úthliðar mannvirkja
- Kennileiti
- Áherslusvæði

Áherslur hvers svæðis eru misjafnar en á ákveðnum svæðum er hvatt til þess að notast við karakter eða upplifunarlýsingu á meðan öryggi er mikilvægara á öðrum.

## 6. Frá hugmynd að framkvæmd

Í þessum kafla er farið yfir hönnunarferlið frá því að þörfin eða hugmyndin fæðist hjá borginni yfir í val á ráðgjöfum, svæðisgreiningu, útboð, fullnaðarhönnun, framkvæmd, rekstur og viðhald.

- Umhverfis- og skipulagssvið sér um lýsingarmál borgarinnar.
- Vísað er m.a í staðla og leiðbeiningar eins og „Leiðbeiningar um gangbrauta og gönguþverunarlýsingu“, „VLD-062 Leiðbeiningar um hönnun götu- og stíaglýsingar“ og „Ljósvisit í grónum hverfum“ (Hverfisskipulagið).
- Farið er yfir útboðsmál á bls 80 þar sem greint er frá rammamning sem Reykjavíkurborg hefur gert við ákveðna aðila og eru það einungis þeir aðilar sem geta gert tilboð í lampa fyrir götu- og stígalýsingu.
- Í kafla 4.3.5. er farið yfir stýringar og greint frá því að framtíðarmarkmið Rvk er að geta stýrt hverjum lampa fyrir sig og fengið upplýsingar um stöðu þeirra hverju sinni. Ákveðið hefur verið að allir nýjir lampar í borginni skuli vera með ZHAGA tengli fyrir samskiptabúnað sem kemur síðar.
- Þegar farið er í útboð er lægstbjóðandi metin út frá lífsferilskostnaði (LCC) þar sem litið er til lampaverðs, orkunotkunar, líftíma, bilanatíðni og fleira þannig að það er því ekki einungis lampaverðið sem skiptir máli.
- Orka náttúrunnar (ON) er núverandi viðhalds- og þjónustuaðili götulýsingar og þeir sjá um alla hefðbundna endurnýjun og útskiptingu á lömpum og staurum.
- Allar nýframkvæmdir eru boðnar út og viðkomandi verktaki sér um alla vinnu og útvegum á öllu efni, öðru en lömpum og staurum sem eru keyptir samkvæmt rammamningi.
- Skrifstofa reksturs og umhirðu sér um utanumhald við rekstur og viðhald allrar utanhúslýsingar. Annars vegar er um að ræða orkukaup í gegnum dreifingaraðila sem eru Veitur ohf. og söluaðila sem er ON og hins vegar viðhald sem ON sinnir samkvæmt verkbeiðnum. ON sér einnig um bilanavakt og uppfærslu gagnagrunns í landupplýsingakerfi